



Skólaráð Garðaskóla

12. janúar 2015 kl. 16.00-17.30 á bókasafni Garðaskóla

Fundarstjóri: Brynhildur Sigurðardóttir skólastjóri

Fundarritari: Ingibjörg Anna Arnarsdóttir

Mættir: Margrét Erla, Helga Ólafsdóttir, Gunnar Richardsson, Máni Magnússon, Berglind og Alda fulltrúar foreldra

Efni fundarins:

- Starfsáætlun
- Breytingar á punktakerfi vegna ástundunar
- Þungar skólatöskur og rafbækur
- Leyfi til fermingarferða
- Læsi til náms – yndislestur daglega
- Skólafestir Garðabæjar
- Önnur mál

Starfsáætlun

Starfsáætlun er alltaf sett fram í ágúst og BS spyr hvort fulltrúar hafi athugasemdir við hana. Engar athugasemdir komu fram. Frá skólanefnd kom athugasemd um misræmi milli skóla um fjölda leyfisfunda á skólaárinu þ.e. hvernig dagarnir eru taldir. BS hefur lagfært kaflann um skólaárið og skóladagatal.

Starfsáætlun er samþykkt.

Breytingar á punktakerfi vegna ástundunar

Kennslustundir breyttust í haust frá 40 mínútum í 60 mínútur og því við hæfi að breyta punktafjölda á bak við hverja fjarvist þ.e. seinkomur og fjarvistir. Sami kvarði verður notaður en breytingin verður í stað tveggja stiga fyrir fjarvist verða þrjú stig. Einkunnir byrjar að lækka ef um tvær fjarvistir er að ræða.

BS nefnir að í ár er meira um fjarvistir nemenda en á undanförunum árum af mismunandi ástæðum og stjórnendum er mikið í mun um að koma því í betra horf.

Tillagan samþykkt (sjá viðauka 1) og kynning fer til nemenda og forráðamanna.

Þungar skólatöskur og rafbækur

Foreldrar hafa bent á þungar töskur nemenda og af hverju svona margar bækur þurfi að vera í töskunni og af hverju rafbækur séu ekki nýttar í meira mæli. BS átti símtal við Arnór Guðmundsson forstjóra Námsgagnastofnunar til að leita svara varðandi útgáfu rafbóka. Fram kom að vilji væri til að gefa út rafbækur en ekki er ljóst hver stefnan sé. Ekki er mikið til af efni á rafrænu formi en Námsgagnastofnun stendur sig vel í útgáfu hljóðbóka. Margrét bendir á að kennarar í skólanum þurfi að láta nemendur vita hvaða bækur eru í umferð hverju sinni og ýti á nemendur að nota skápinn sinn í stað þess að nemendur séu með allar bækurnar í töskunni.

Tillaga að kennarar nýti Námfús til að hjálpa nemendum með skipulag á hvaða bækur eiga að vera meðferðis.

Tillaga að setja upp vigt í skólarýminu fyrir nemendur.

Ályktun skólustjóra til Námsgagnastofnunar samþykkt og mun skólustjóri senda hana á viðeigandi aðila (sjá viðauka 2. við fundargerð).

Leyfi til fermingarferða

Undanfarin ár hafa fermingarferðir viðvarandi og markvisst verið skipulagðar á skólatíma. Ferðirnar raska verulega skólastarfi í 8. bekk í þrjá heila skóladaga í september. Fulltrúar samþykkja stefnu stjórnenda Garðaskóla um að óska eftir því að ferðirnar veri ekki skipulagðar á skólatíma.

Læsi til náms – yndislestur daglega

BS segir frá þróunarverkefni *Læsi til náms* sem hefur þann tilgang að vinna að læsi í öllum námsgreinum. Næsta skref í skólanum er *Yndislestur* sem er reyndar ekki nýr í skólanum. Markmiðið er að dreifa lestri á allar námsgreinar en ekki eyrnamerkja lesturinn einni eða tveimur námsgreinum. Í næstu viku hefst verkefnið og munu allir nemendur og starfsmenn lesa í 20 mínútur daglega. Nemendur fá kynningu í næstu umsjón og einnig verður umfjöllun um það í Fréttabréfi skólans.

Skólustefna Garðabæjar

Endurskoðun á stefnununni hefur staðið yfir. Skólinn hefur gögn til kynningar sem ekki er búið að setja út til nemenda vegna anna í öðrum verkefnum. BS biður fundarmenn um að renna yfir stefnuna fyrir næsta fund. Fundarmenn leggja til að bókamerki sem gefið er út til kynningar á skólustefnunni verði dreift til allra nemenda í tilefni af því að yndislesturinn er að hefja göngu sína sem daglegt verkefni.

Önnur mál

Berglind sem er fulltrúi Garðaskóla í Grunnstoð Garðabæjar nefnir hugmynd um forvarnardagatal. Yrði þá sett upp á haustin t.d. endurskinsmerkin, einelti, hjálmur og fl. Ákveðnir þættir kynntir og minnt á þá. Hugsanlega einn dagur tekin í verkefnið þar sem nemendur vinna sérstaklega að forvörnum.

BS segir frá ákveðnu módeli í velferðarverkefni sem lýtur að forvarnarverkefnum. Nú er verið að leggja lokahönd á það þ.e. hvað fer fram í hvaða árgangi. Skólustjóri telur hugmyndina að forvarnardagatalinu styðja við skólanámskrána.

Berglind spyr hvað okkur finnst um samstarf foreldra og skóla, er það nóg, of lítið, mikið o.s.frv. BS segir frá markmiðum sem Garðaskóli hefur unnið að til að auka þessi samskipti s.s. Starfamessa og kynningafundur á valgreinum. Í vor verður leitað aftur til forráðamanna vegna starfskynninga nemenda. Einnig var töluvert um að umsjónarhópar hittust í morgunkaffi með forráðamönnum og þar skipti stýring frá stjórn foreldrafélagsins öllu máli.

Fundi slitið kl. 17.40



12. janúar 2015

Skólaráð Garðaskóla ályktar um punktakerfi skólans vegna ástundunar

Í Garðaskóla er notað punktakerfi til að fylgjast með og mæla viðveru nemenda. Nemendur hafa fengið einn punkt fyrir seintkomu og tvo punkta fyrir fjarvist og ástundunareinkunn hefur lækkað skv. kvarða sem birtur er í skólanámskrá og handbókinni Samskipti og skólaandi.

Haustið 2014 voru kennslustindir lengdar úr 40 mínútum í 60 mínútur. Við þetta fækkaði vikulegum kennslustundum nemenda úr 37 í 24-25. Það er ljóst að við þessa breytingu er fjarvera nemenda frá skóla mun meiri áður en hún dregur ástundunareinkunn niður. Stjórnendur Garðaskóla hafa því lagt til að punktum fyrir fjarvistir verði þrír í stað tveggja áður. Að öðru leyti stendur kvarði fyrir ástundunareinkunn óbreyttur.

Virðingarfyllst, fyrir hönd skólaráðs Garðaskóla

Brynhildur Sigurðardóttir, skólastjóri



Garðaskóli, 12. janúar 2015

Skólaráð Garðaskóla ályktar um mikilvægi rafbóka

Skólaráð Garðaskóla hefur áhyggjur af því að margir nemendur skólans beri daglega of þungar skólatöskur. Skólataska í Garðaskóla getur vegið allt að 10 kg geymi hún þær bækur sem nemandinn þarf að vinna með á einum degi. Samkvæmt viðmiðum sem iðjuþjálfafélag Íslands hefur gefið út (<http://www.ii.is/media/efni-avef/Skolatoskudagabaeklingur.pdf>) á skólataska ekki að vera þyngri en sem nemur 10% af þyngd nemandans sem þarf að bera hana. Tíu kílóa taska fer vel yfir það viðmið fyrir mjög marga unglinga.

Hægt er að minnka þunga í skólatöskum með því að hafa sem mest námsefni rafrænt þannig að nemandinn geti nálgast það í spjaldtölvu eða fartölvu. Slík vél vegur brot af því sem skólabækur unglings vega. Skólaráð Garðaskóla skorar á Námsgagnastofnun og aðra aðila sem hafa með námsbókaútgáfu að gera að flýta útgáfu á rafrænu efni.

Virðingarfyllst, fyrir hönd skólaráðs Garðaskóla

Brynhildur Sigurðardóttir, skólastjóri